

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 5. febrúar 2004, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ísafirði, 6. febrúar 2004.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Af hundum í Ísafjarðarbæ skal Ísafjarðarbær innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald nr. 567/1997.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunda skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting	kr. 13.000
Leyfisveiting eftir útrunninn frest	kr. 17.500
Bráðabirgðaleyfi	kr. 2.600

3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	kr. 13.000
-------------	------------

4. gr.

Greiðslur vegna hundahreinsunar og trygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	kr. 6.400
Önnur afhending hunds	kr. 12.800
Þriðja afhending hunds	kr. 19.200
Fyrsta afhending hunds án leyfis	kr. 15.300

Óheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7. gr.

Skilgreiningar á því að leitarhundur sé undanþeginn leyfisgjaldi er að viðkomandi hundur hafi að minnsta kosti B viðurkenningu útgefna af viðurkenndum leiðbeinanda og skal ljósrit af viðurkenningu afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 18. desember 2003, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ísafirði, 13. janúar 2004.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur lögreglustjórnin í Reykjavík ákveðið að leyfilegur hámarks-
hraði á neðangreindum götum í eftirtöldum hverfum Reykjavíkur skuli vera 30 km/klst.:

Vesturbær:

1. Sörlaskjól frá Nesvegi að Faxaskjóli
2. Sörlaskjól frá Faxaskjóli að Faxaskjóli
3. Faxaskjól frá gatnamótum Nesvegar og Kaplaskjólsvegar að gatnamótum Ægisíðu og Hofsvallagötu.

Skerjafjörður:

- | | |
|--------------------|---------------------------------|
| 1. Bauganes | 9. Þjórsárgata |
| 2. Baugatangi | 10. Reykjavíkurvegur |
| 3. Fossagata | 11. Skeljatangi |
| 4. Fáfnisnes | 12. Skerplugata |
| 5. Einarsnes 21-33 | 13. Skildinganes |
| 6. Góugata | 14. Skildingatangi |
| 7. Gnitanes | 15. Botnlangi að Þorragötu 1-9. |
| 8. Hörpugata | |

Tún:

- | | |
|-----------------------------------|------------------------------------|
| 1. Sóltún | 5. Hátún frá Nóatúni að Hátúni |
| 2. Mánatún | 6. Samtún |
| 3. Hátún frá Laugavegi að Sóltúni | 7. Miðtún frá Höfðatúni að Nóatúni |
| 4. Miðtún frá Nóatúni að Hátúni | 8. Hátún frá Höfðatúni að Nóatúni. |

Austurbær:

1. Hvassaleiti frá Listabraut að Háaleitisbraut ásamt botnlöngum.